

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2013

Tilvísun: 201304-0101/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 635. mál

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um ofnagrent frumvarp sem barst í tölvupósti, dags. 13. mars 2013.

Inngangur

Vinnueftirlits ríkisins fer með framkvæmd laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhæti og öryggi á vinnustöðum, en markmið þeirra er m.a. að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Mikilvægt er fyrir Vinnueftirlitið að hafa nákvæmar upplýsingar um vinnuslys t.d. fjölda, orsakir og hvar slys eiga sér stað til að stofnunin geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Lög nr. 46/1980 veita Vinnueftirlitinu ákveðin tæki til að afla upplýsinga um vinnuslys, bæði eru vinnuslys tilkynningarskyld til stofnunarinnar, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 auk þess sem Vinnueftirlitinu ber að rannsaka alvarlegri vinnuslys, sbr. 81. gr. laga nr. 46/1980.

Vinnueftirlitið skilgreinir vinnuslys með eftirfarandi hætti:

Með vinnuslysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð í tengslum við vinnu sem veldur áverkum, heilsutjóni eða dauða eins eða fleiri einstaklinga.

Er þessi skilgreining í samræmi við skilgreiningu Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar (ILO), Evrópusambandsins (ESB) og almannatryggingarlaganna í Danmörku á vinnuslysi.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið:

Skilgreining á vinnuslysi (5. gr.)

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. fyrirbyggjandi frumvarps munu slysatryggingar almannatrygginga taka til slysa við vinnu, iðnnáms, björgunarstarfa og tiltekna íþróttæfingar, íþróttasýningar, íþróttakeppnir eða heimilisstörf, enda sé sá sem fyrir slysi verður tryggður samkvæmt ákvæðum 6. eða 7. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er slys síðan skilgreint með eftirfarandi hætti:

Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

Þessi skilgreining á slysi sem leggur áherslu á utanaðkomandi atburð, útilokar á hverju ári vinnuslys þar sem ofraun verður á líkama en þau hafa frá 2007 að telja verið á bilinu 68 til 97 á ári hverju.

Á því eru verulegar líkur að með þessari áherslu á utanaðkomandi atburð í skilgreiningunni þá verði ofmetið í tölfræði þáttur slíkra atburða þar sem ríkir hagsmunir hins slasaða eru að fá slysið metið sem slys samkvæmt slysatryggingum. **Þetta leiðir til þess að aukin hættu er á skekkju við mat á hvaða þættir skipta mestu máli í slysaforvörnum og því mikilvægt að hafa skilgreininguna opna og í samræmi við almennan skilning á slysum.** Eins og áður hefur verið getið þá er sú skilgreining sem Vinnueftirlitið notast við í samræmi við skilgreiningu ILO, ESB og almannatryggingarlaganna í Danmörku.

Vinnueftirlitinu þykir eðlilegt að skilgreining á vinnuslysi verði samræmd hér á landi svo engin bjögun verði í tölfræði vinnuslysa og þar með slysaforvörnum, auk þess verður það að teljast óeðlilegt að skilgreining á vinnuslysi skv. fyrirbyggjandi frumvarpi sé ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast á alþjóðavettvangi og hjá þeim sem við viljum bera okkur saman við.

Af ofangreindum ástæðum gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á 5. gr. frumvarps til laga um slysatryggingar almannatrygginga:

Í stað 2. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður svohljóðandi: *Með slysi er átt við skyndilegan, óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.*

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu, en er að sjálfsgöðu reiðubúið að senda fulltrúa sína til umfjöllunar um málið í háttvirtri þingnefnd.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins

Kristinn Tómasson
yfirlæknir

Björn Þór Rögnvaldsson
lögfræðingur